

Sólveig Þórðardóttir **fánahyllir á 17. júní 2023**

Sólveig Þórðardóttir fæddist í Keflavík 30. desember 1955. Eiginmaður hennar er Guðmundur R. J. Guðmundsson og eiga þau eina dóttur, Sólrúnu Björk og tvö barnabörn.

Sólveig er Keflvíkingur í húð og hár, gekk í Barnaskólann og Gagnfræðaskólann í Keflavík og síðar í Iðnskóla Suðurnesja. Hún hóf störf hjá Heimi Stígssyni ljósmyndara 1973, fór á námssamning hjá honum og útskrifaðist sem sveinn í ljósmyndun 1976 og síðar með Meistarabréf sem meistari í ljósmyndun.

Árið 1982 stofnaði Sólveig eigin ljósmyndastofu, Nýmynd, og hóf rekstur hennar í Ásbergshúsinu að Hafnargötu 26. Frá árinu 2004 var Nýmynd starfrækt í eigin húsnæði að Iðavöllum 7. Kjörorð Nýmyndar var „Myndatökur við allra hæfi“.

Í árslok 2022 hætti Nýmynd starfsemi og lét Sólveig jafnframt af störfum. Sólveig hefur því starfað við ljósmyndun í rúm 51 ár og rekið eigið félag Nýmynd með sömu kennitölu í 40 ár.

Við starfslok ákvað Sólveig að afhenda Byggðasafni Reykjanesbæjar filmusafn Nýmyndar að gjöf. Filmusafnið spannar árin 1982 til 2009 en síðan þá er myndasafnið stafrænt. Myndirnar úr filmusafninu eru úr u.þ.b. 10.000 tókum og má leiða líkur að því að fjöldi mynda sé um 300.000 talsins.

Myndirnar eru einstök heimild um íbúa Reykjaness síðastliðna áratugi og er það heiður fyrir sveitarfélagið og Byggðasafnið að fá það hlutverk að varðveita þær fyrir komandi kynslóðir.

Sólveig hefur staðið vaktina og veitt íbúum bæjarins trausta og mikilvæga þjónustu í yfir 40 ár. Öllum hefur hún mætt með brosi á vör og ljúfu viðmóti og líklega fáir sem hafa kallað fram jafn mörg bros og hún, við skrásetningu ýmis konar merkisviðburða og tímamóta í lífum fólks.

Reykjanesbær þakkar Sólveigu fyrir áralanga þjónustu við samfélagið og jafnframt fyrir framlag hennar til varðveislu sögulegra heimilda um íbúa Reykjaness sem eru mikilvæg menningarverðmæti sem nú munu hljóta örugga varðveislu.